

SUÐURTANGI – ENDRSKOÐUN DEILISKIPULAGS

MINNISBLAÐ – UNNIÐ FYRIR ÍSAFJARÐARBÆ

VERKNÚMÉR: 16171003
HÖFUNDUR/RÝNIR: GPEy/EBK
DREIFING: Ísafjarðarbær

DAGS.: 23. október 2024

Umsagnir og athugasemdir um auglýsta tillögu að endurskoðuðu deiliskipulagi ásamt tillögu að viðbrögðum

1 Kynning

Um er að ræða sameiningu tveggja deiliskipulaga á Suðurtanga í eitt endurskoðað deiliskipulag. Gildandi skipulög falla úr gildi. Markmiðið með endurskoðun deiliskipulaganna er að fjölga atvinnulóðum, m.a. í sjávertengdri starfsemi, og samþætta fjölbreytta nýtingu á skipulagssvæðinu. Samhliða deiliskipulagsgerðinni er unnin breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 á Suðurtanga.

Skipulagslýsing vegna endurskoðunar deiliskipulagsins var kynnt frá 5. október 2023 til og með 6. nóvember 2023.

Vinnslutillaga deiliskipulagsins var kynnt á vefsíðu Ísafjarðarbæjar og fleiri miðlum frá 3. apríl 2024 til 3. maí 2024. Þann 12. apríl var opið hús hjá Ísafjarðarbæ vegna skipulagsgerðarinnar. Tvær athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum. Þær vörðuðu ferðamenn, ásynd, nýtingu við Neðstakaupstað, aðgengi að fjöru, umferðaröryggi og atvinnustarfsemi á svæðinu. Umsagnir um vinnslutillöguna bárust frá, Mílu, Ísavia, Vegagerðinni, Samgöngustofu, Orkubúi Vestfjarða, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Slökkviliði Ísafjarðarbæjar.

Tekið hefur verið mið af þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna skipulagslýsingarinnar og vinnslutillögu deiliskipulagsins.

Þann 20. júní 2024 samþykkti bæjarstjórn að auglýsa endurskoðað deiliskipulag í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Opið var fyrir athugasemdir frá 24. júní til 8. ágúst 2024. Umsagnir og athugasemdir í skipulagsferlinu eru aðgengilegar í gegnum Skipulagsgáttina (skipulagsgatt.is).



2 Umsagnir, athugasemdir og tillaga að viðbrögðum

Alls bárust 7 umsagnir á auglýsingartímanum.

Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
5.7.2024	Bolungarvíkurkaupstaður	Bolungarvíkurkaupstaður gerir ekki athugasemdir við deiliskipulag við Suðurtanga.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.
8.7.2024	Minjastofnun Íslands	Minjastofnun veitti umsögn vegna deiliskipulagsins 15. apríl 2024 og gildir sú umsögn ennþá.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.
11.7.2024	Isavia	<p>Isavia Innanlandsflugvellir hefur farið yfir málið og gerir ekki athugasemd við deiliskipulagið en vekur athygli á að mikilvægt er að ekki verið heimilað að setja mannvirki upp í hindranaflið Ísafjarðarflugvallar. Þetta á bæði við um varanleg mannvirki svo og tímabundin, einnig bent á mikilvægi þess að ef um tímabundnar hindranir sé að ræða að þær séu bæði tilkynntar Isavia og séu með upplýst hindranaljó. Aðstæður við flugvöllin eru almennt krefjandi og mjög óæskilegt að þrengja að vellinum. Að mati Isavia gæti verið æskilegt að setja inn í deiliskipulagið, annað hvort á uppdrátt eða í greinargerð skýringarmynd sem sýnir þversnið t.d. í gegnum lóðir Skarfatanga 2 – 6 og hæð á hindranafleti ofan við lóðir þ.a. menn átti sig betur á hæð hindranaflatar yfir lóðum og þær takmarkanir sem á lóðunum eru.</p> <p>Í kafla 2.8 þarf að breyta orðalagi, þar er talað um hindranafleti í 47 m.y.s. ná í 14km radius frá endum flugbrautar. Hið rétta er að heildar svæðið nær um 15 km frá endum, svæðið skiptist í innri og ytri lárétta fleti (inner and outer horizontal surface) og eru þeir annars vegar í 45m og svo 150m hæð yfir velli (47 og 152 m.y.s.) Innri flöturinn (hindranaflið sem er teiknaður yfir bænum) hækkar skáhallt í 45m yfir hæð flugvallar og heldur því að 4km radius línunni. Síðan tekur við 2km svæði þar sem flöturinn hækkar upp í 150m yfir hæð flugvallar. Yst er svo ytri flöturinn og</p>	<p>Orðalagi í kafla 2.8. breytist í samræmi við umsögn Isavia. Eftir breytingu segir:</p> <p>Hindranafletir Ísafjarðarflugvallar hafa verið skilgreindir en þeir ákvarða hámarkshæð mannvirkja á svæðinu. Hindranafletirnir stíga skáhallt frá flugbrautinni upp í 47 m.y.s. og eru þaðan láréttir í sömu hæð í 14 km radius frá endum flugbrautar. Allt skipulagssvæðið er innan hindranaflata flugvallarins. Mynd 2-5 sýnir hæðarlínur sem tákna leyfilega hámarkshæð mannvirkja sbr. lög nr. 80/2022 um loftferðir.</p> <p>Ekki er talin þörf á skýringarmynd sem sýnir þversnið hindranaflata.</p>



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
		er hann í 150m yfir hæð flugvallar og nær 15km frá flugvellingum. Aðflugs og brottflugs ferill skerst í gegnum þessa fleti í öðrum halla og í tilfalli Ísafjarðarflugvallar þá er það skáhalt 30° út frá braut vegan þeirrar hindrunnar sem fjallið er.	
18.7. 2024	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna. Umhverfisstofnun telur að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til sé hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin áformar því að veita ekki umsögn varðandi tillöguna.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.
18.7. 2024	Vegagerðin	Vísað er til erindis verkefnastjóra umhverfis- og eignarsviðs Ísafjarðarbæjar dags. 23. mars, 2023, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreinda tillögu, málsnúmer. 685/2024. Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd. Vegagerðin minnir á að stofnunin er umsagnaraðili um aðalskipulag og deiliskipulag á lágsvæðum við sjó þar sem hætta er á sjávarflóðum. Við umsögnina er litið til viðmiðunarreglna Vegagerðarinnar um lágmarks land- og gólfhæðir sem taka mið af jarðskorpuhreyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjustu upplýsingar.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.
7.8. 2024	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemdir við þessar breytingar.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.
8.8. 2024	Orkubú Vestfjarða	Orkubú Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við: Suðurtangi - Endurskoðun deiliskipulags, nr. 0685/2023	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.